KENNARAMENNTUN ER SÍMENNTUN

Kennarar eru lykilmenn í breytingum í menntakerfinu

Elna Katrín Jónsdóttir, apríl 2008

SKÝRSLA SÉRFRÆÐINGAHÓPS EB FRÁ 2005

Úr skýrslunni Common European Principles for Teacher Competences and Qualifications:

- (...) Kennarastéttin lærir alla ævi og nýtur stuðnings og hvatningar í starfsumhverfi sínu til að stunda símenntun, viðhalda þekkingu sinni, afla nýrrar þekkingar og hagnýta hana í starfi sínu. Kennarar færa þekkingu sína yfir landamæri þjóðríkja, mennta sig og starfa í öðrum löndum til að auka hæfni sína í starfi.

KENNARASTARFIÐ Í BRENNIDEPLI

- Í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til Evrópuráðsins og Evrópuþingsins frá ágúst síðastliðnum, *Improving the Quality of Teacher Education,* er fjallað um það hvernig kennarar gegni afgerandi og mikilvægu hlutverki við að hjálpa fólki til að þroska og nýta til fulls hæfileika sína og við að afla sér þeirrar þekkingar og færni sem einstaklingar þurfa að búa yfir jafnt í daglegu lífi sem á vinnumarkaði

MARGBREYTILEGRA KENNARASTARF

- Kennarar eru miðlarar milli heims í örri þróun og einstaklinga sem eru á leið út í lífið.
- Kennarastarfið er að verða æ flóknara, kröfur til kennara eru að aukast og starfsumhverfi þeirra verður æ meira krefjandi.

GÆÐI KENNSLU OG NÁMSÁRANGUR

- Rannsóknir sýna að gæði kennslu tengjast með beinum og jákvæðum hætti námsárangri nemenda. Eru mikilvægastur þeirra þátta skólastarfsins sem skýra árangur eða frammistöðu nemenda, mun mikilvægari en áhrif námsskipulags, skólastjórnunar eða fjárhagslegra skilyrða.

BETRI KENNARAMENNTUN ER LYKILATRIÐI

- Það er því talið mikilvægt að auka gæði kennaramenntunar beinlínis til að auka líkur á að ná markmiðum samevrópskra menntaáætlana á borð við Lissabonáætlunina frá árinu 2000 þar sem árangur hefur ekki verið sem skyldi

KENNARASTARFIÐ Í DEIGLU BREYTINGA

Menntunin

- Góð – ennþá betri menntun í fræðigrein/-um eða á kennslusviði
- Stöðug og hröð aðlögun þekkingar að breytingum og nýjungum
- Viðbót bæði með formlegu og óformlegu námi

KENNARASTARFIÐ Í DEIGLU BREYTINGA
FRAMHALD

Kennsla, miðlun, starfshættir í kennslu

- Hjálpa nemendum til sjálfstæðis í námi og vinnubrögðum
- Kenna, miðla aðferðum við þekkingar- og upplýsingaleit
- Skipuleggja og verkstýra námi, verkefnum og verkeferlum
- Sinna hverjum nemanda sem einstaklingi
- Beita fleiri mismunandi kennsluaðferðum og nálgast sömu viðfangsefni á marga vegu
- Nota tækni og nýta þekkingu með breytilegum aðferðum

KENNARASTARFIÐ Í DEIGLU BREYTINGA
FRAMHALD 2

Stjórnun, stefnumótun, ný sérfræðivinna

- Þátttaka kennara í stjórnun, stjórnsýslu og stefnumótun er almennt að aukast m.a. vegna dreifstýringar og meiri breytileika í rekstri
- Fleiri sérfræðistörf s.s. þátttaka í og jafnvel mótun og stjórnun innra mats, sjálfsmats, gæðamats, mótun og ritun skólastefnu, námskráa o.s.frv.

SAMHENGI Í KENNARAMENNTUN OG SKÝR VIÐMIÐ UM HANA SKORTIR.

- Í áðurnefndri skýrslu framkvæmdastjórnar EB (2007) er áhersla lögð á slaka stöðu símenntunar kennara í mörgum Evrópulöndum. Tiltölulega litlum fjármunum sé varið til hennar, aðstæður kennara til að stunda símenntun séu ekki nógu góðar og mikið er talið skorta á samhengi milli grunnmenntunar, framhaldsmenntunar og símenntunar kennara.

KENNARAR SKIPTA MÁLI

- 2004 stóð OECD fyrir ráðstefnu í Amsterdam þar sem kynnt var efni skýrslunnar *Teachers Matter. Attracting, Developing and Retaining Effective Teachers,* um kennaramenntun og starfsþjálfun kennara, nýliðun í kennslu, kennarastarfið, starfsþróun og fleira. Í skýrslunni er að finna leiðbeiningar til stjórnvalda og stefnumótunaraðila um viðmið og aðgerðir í málefnum kennara í því augnamiði að auka gæði kennslu.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS MENNTUN Í MÓTUN Í OKTÓBER 2006

- Nauðsynlegt að tryggja hérlendis samstöðu um mikilvægi kennaramenntunar sem kjölfestu í menntakerfinu, lengja kennaramenntun og tryggja fjölbreytni hennar, auka faglegt sjálfstæði og ábyrgð kennara sem fagstéttar, auka og bæta skilyrði þeirra til endurmenntunar í faggreinum en ekki síst ,,þurfa þeir að taka virkan þátt í umræðu um þróunarstarf í einstökum skólum og menntakerfinu í heild. (...) starfsumhverfi kennara og kjör hvetji til stöðugrar starfsþróunar og greiði fyrir faglegu samstarfi kennara (Learning Communities).

STEFNA 4. ÞINGS KÍ Í APRÍL 2008

Símenntun og rannsóknir

- Það þarf (...) að auka rétt og möguleika til launaðra námsorlofa (...) eigi sjaldnar en á 10 ára fresti. (...) að tryggja mun betur (...) réttindi og möguleika til símenntunar jafnt á starfstíma skóla sem utan hans bæði í samræmi við þarfir og óskir einstaklinga og með hliðsjón af þróun skólastarfs og menntunar. Félagsmenn KÍ afla sér í vaxandi mæli viðbótarmenntunar og taka (...) þátt í fræðilegu starfi og rannsóknum á sínu sviði. Efla þarf möguleika og auka svigrúm félagsmanna KÍ til þess að stunda rannsóknir samhliða störfum sínum í skólunum.

SAMÞYKKT 4. ÞINGS KÍ UM KENNARAMENNTUN

- Þing KÍ fagnar frumvarpi til laga um menntun og ráðningu kennara og væntir þess að Alþingi geri frumvarpið að lögum sem allra fyrst. Það er tímabært að efla kennaramenntun meðal annars með því að gera meistaragráðu eða sambærileg námslok að skilyrði fyrir veitingu leyfisbréfa leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. (...) Áherslur í frumvarpinu um að efla bæði menntun og þekkingu í faggreinum og í kennarafræðum eru mjög mikilvægar. (...) Unnið verði að innleiðingu gæðakerfis til að meta kennaranám og sett fram öflugt skipulag um starfsþjálfun kennaranema með sérstaka áherslu á aukna þjálfun í kennslu. Gert verði ráð fyrir skipulegri leiðsögn nýrra kennara í starfi sem taki yfir lengra tímabil en nú er.

Í UMRÆÐUNNI HJÁ KÍ

- Að ná betri árangri um rétt til símenntunar, framhaldsmenntunar og námsorlofa.
- Að skapa sér yfirsýn yfir og meta þróun fjármuna sem varið er til símenntunar- og fræðslumála m.a. með því að draga saman efni um málið úr kjarasamningum, lögum, reglugerðum og fjárlögum undanfarinna ára.
- Að skilgreina lágmarks- eða grunnrétt sem sem hver félagsmaður á rétt á varðandi símenntun, framhaldsmenntun og námsorlof. Slíkar skilgreiningar varði bæði fjárhagslegu hliðina og aðstöðu til að sækja sér (sí)menntun.